



Eiginfjárstaða sjávarútvegsins aldrei sterkari

Eiginfjárlutfall íslensks sjávarútvegs nam 42,2% í árslok 2016. Þetta er hæsta hlutfall sem mælt hefur frá því Hagstofan hóf að safna gögnum um rekstrartölur sjávarútvegsins árið 1997. Á árunum 1997 til 2007 var eiginfjárlutfallið fremur stöðugt eða á bilinu 24 til 31%. Árið 2008 urðu hins vegar mikil umskipti vegna mikillar veikingar krónunnar og varð eiginfjárlutfallið þá neikvætt um 18%. Þessi mikla breyting skýrist af því að íslenskur sjávarútvegur hefur lengi vel verið að mestu leyti fjármagnaður í erlendri mynt enda eru tekjur greinarinnar að mestu leyti í erlendum myntum. Síðan 2008 hefur leiðin legið stöðugt upp á við.

Sjávarútvegurinn hefur greitt niður skuldir


Heildarskuldir sjávarútvegsins urðu mestar árið 2008 þegar þær námu 403 ma.kr. en þær voru síðan komnar niður í 250 ma.kr. í lok árs 2016. Skuldirnar höfðu þannig lækkað um 153 ma.kr. á þessu tímabili. Skuldirnar eru að langmestu leyti í erlendri mynt. Ef skuldirnar hefðu einungis breyst í samræmi við breytingar á gengi krónunnar milli árana 2008 og 2016 ættu skuldirnar að hafa verið 301 ma.kr. en ekki 250 ma.kr. í árslok 2016. Mismunurinn þarna á milli liggur nettó uppgreiðslu skulda á þessu tímabili. Bæði uppgreiðslu af höfuðstól en einnig vegna sammingsbundinna afborgana af lánunum.

Reksturinn breyttist til hins betra við gengisfallið

Undirliggjandi rekstur sjávarútvegsins breyttist töluvert til hins betra við gengisfallið enda mun stærri hluti tekna en gjalda í erlendri mynt. Mörg fyrirtæki nýttu því tækifærið og greiddu niður umtalsverðan hluta af skuldum sínum. Þarna skipti líka máli að fjárfesting í greininni dróst mikið saman m.a. vegna óvissu um framtíðartilhögun fiskveiðistjórnunarkerfisins.



Heimild: Hagstofa Íslands



Sýnir annars vegar þróun á skuldum sjávarútvegsins (skuldir - raun) og hins vegar skuldaþróun greinarinnar ef skuldir hefðu einungis tekið mið af breytingu gengis frá árinu 2008
Heimild: Hagstofa Íslands



Sjávarútvegurinn stendur vel undir núverandi skuldsetningu

Einn af mælikvörðum á getu rekstrar til að standa skil á skuldum er hlutfall skulda og EBITDA en hlutfallið gefur til kynna hversu mörg ár það tæki undirliggjandi rekstur fyrirtækisins að greiða upp allar skuldir. Þetta hlutfall hefur verið mjög hagstætt síðustu ár og verið á bilinu 3,8-4,5 frá og með árinu 2011 en til samanburðar var það á bilinu 7,2-10,3 á árabílinu 2004 til 2008 en þá jókst skuldsetning greinarinnar mikið. Hlutfallið var 4,5 árið 2016 og hafði það hækkað úr 3,8 árið 2015. Sú hækkun skýrist einungis af samdrætti í EBITDA milli ára enda drógust skuldir saman um tæp 6% milli ára. EBITDA dróst saman um 20,5% milli ára og má rekja það bæði til samdráttar í EBITDA veiða en einnig samdráttar í EBITDA vinnslu. EBITDA veiða lækkaði úr 40,3 ma.kr. niður í 33,3 ma.kr. eða um 7 ma.kr. EBITDA vinnslu lækkaði úr 70,4 ma.kr. niður í 56 ma.kr. eða um 7,4 ma.kr. Hlutfallslegur samdráttur í EBITDA var meiri í tilfelli vinnslu en útgerðar. EBITDA dróst saman um 17,4% í tilfelli útgerðar en um 24,6% í tilfelli vinnslu.


Meiri tekjusamdráttur í vinnslu

Sé rýnt betur í bæði rekstur veiða og vinnslu kemur í ljós að samdráttinn í EBITDA má fyrst og fremst rekja til tekjusamdráttar. Tekjur útgerðar drógust saman um 11% en ögn meiri samdráttur varð í vinnslu eða 14,5%. Þennan samdrátt í tekjum íslensks sjávarútvegs má að mestu leyti rekja til styrkingar krónunnar en meðaltal gengisvísitölu krónunnar lækkaði um 10,6% milli árána 2015 og 2016.

Fjárfestingargetan meiri

Verulega hefur þrengt að íslenskum sjávarútvegi á síðustu árum vegna styrkingar krónu sem hefur dregið verulega úr samkeppnishæfni greinarinnar á erlendri grundu. Sterk eiginfjárstaða og hófleg skuldsetning í hlutfalli við undirliggjandi rekstur gerir íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi betur í stakk búin til að mæta minnkandi samkeppnishæfni með aukinni fjárfestingu.


Skuldir/
EBITDA **Skuldsetning sjávarútvegsins**



Sýnir hlutfall langtímaskulda og EBITDA. Gefur til kynna hvað það tæki reksturinn langan tíma að greiða upp allar langtímaskuldir

Heimild: Hagstofa Íslands

Ma.kr. **EBITDA í veiðum og vinnslu**



Heimild: Hagstofa Íslands



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.